

**Samband íslenskra sjóminjasafna  
Fornbátaskrá – skýrsla nr. 8**

---

# **Bátaskrá Sögumiðstöðvarinnar í Grundarfirði**



**Ágúst Ólafur Georgsson**

**2019**

## Inngangur

Sögumiðstöðin í Grundarfirði, sem stofnuð var árið 2003, er með einn bát á sínum vegum. Það er súðbyrðingurinn Brana SH 20 og nýtur hún friðunar á grundvelli aldurs. Báturinn er í einkaeign og hefur verið til sýnis í Sögumiðstöðinni frá því að hún var opnuð.



*4,5 hestafla Sleipner vél hefur verið í Brönu síðan 1950. Ljós. Ágúst Ólafur Georgsson.*

## Brana SH 20

**1. Skipaskrárnúmer, safnnúmer**

**2. Tegund**

Árabátur; sexæringur; opinn vélbátur.

**3. Hlutverk**

Fiskibátur; flutningabátur.

**4. Eigandi**

Fjölskylda Elís Gunnarssonar (1929-2004) frá Vatnabúðum.

**5. Fyrri nöfn, umdæmisnúmer og eigendur**

Báturinn hefur alltaf borið nafnið Brana.

Engin fyrri umdæmisnúmer.

Eigandi 1913-1943: Elís Gíslason (d. 1943) bóndi á Vatnabúðum keypti bátinn nýjan árið

1913 og gaf honum nafn.

Eigandi 1943-1971: Snorri Elísson (1904-1971) bóndi á Vatnabúðum.

Eigandi 1971-2004: Elís Gunnarsson (1929-2004) bóndi á Vatnabúðum, systursonur Snorra.

Eigandi 2004-: Fjölskylda Elís Gunnarssonar.

## **6. Varðveislustaður**

Sögumiðstöðin í Grundarfirði.

## **7. Smíðaár**

1913.

## **8. Hönnuður, yfirsmiður**

Rögnvaldur Lárusson skipasmiður í Stykkishólmi.

## **9. Skipasmíðastöð, smíðastaður**

Stykkishólmur.

## **10. Brúttórúmllestir**

1,31.

## **11. Lengd, breidd og hæð/dýpt**

Lengd 6,5 m; breidd 1,8 m.

## **12. Smíðaefni og samsetning skrokks**

Eik og fura; súðbyrðingur; litir - sjá ljósmynd.

## **13. Skrokklag**

Breiðfirskt bátalag.

## **14. Þilfar**

## **15. Yfirbygging**

## **16. Neðan þilja**

## **17. Möstur, seglabúnaður og árar**

Mastur; þrjár árar.

## **18. Vél**

1931-1950: Þriggja hestafla Sleipner vél.

1950: 4,5 hestafla Sleipner vél. Vélin var tekin úr, gerð upp og sett aftur í bátinn fyrir sýninguna *Sjósókn fyrri tíma* sem opnuð var í Sögusetri Grundarfjarðar 23. júlí 2004.

## **19. Siglingatæki og annar búnaður**

Handfærarúlla, lóðarhjól; austurtrog, belgur; plittar.

## **20. Notkunarsaga**

Elís Gíslason á Vatnabúðum eignaðist Brönu nýja árið 1913 og notaði hana sem fiskibát og væntanlega einnig til annarra ferða. Brönu var breytt í vélbát og færð á skipaskrá 1932. Segir þar að hún hafi verið endurbyggð 1931. Að Elísi látnum, 1943, eignaðist Snorri sonur hans bátinn og notaði hann til fiskveiða og kaupstaðaferða fram undir 1970 en eftir það var Brana ekki hreyfð. Elís Gunnarsson, systursonur Snorra, tók svo Brönu að sér eftir að hann hóf búskap á Vatnabúðum og kom henni í skjól.

Þegar notkun lauk var báturinn lengst af hafður í nausti á Vatnabúðum en síðar í skemmu þar á staðnum og hefur varðveist „með öllum tækjum og tólum“. Hann var tekin í vörslu Sögumiðstöðvar Grundarfjarðar 2002. Brana var talin happafley og nutu margir

Þess bjargræðis sem hún bar að landi. Um Brönu orti Vilborg Jónsdóttir á Vatnabúðum, móðir Snorra:

Brana fær oft byr með ró  
brims í vinda gjósti.  
Öslar skeiðin Eyrarslóð  
undan freyðir brjósti.<sup>1</sup>

## **21. Sögulegir atburðir, persónur og staðir tengdir bátnum**

Vatnabúðir.

## **22. Ástand báts**

Gott.

## **23. Upprunaleiki – breytingasaga**

Brana er smíðuð sem árabátur en árið 1931 var hún hækkuð um eitt borð og sett í vél. Ingi Hans Jónsson í Grundarfirði gerði við bátinn fyrir sýningu í Grundarfirði 2004 og er hann áfram opinn vélbátur.

## **24. Viðhald og viðgerðir**

Gert var við Brönu fyrir sýningu árið 2004.

## **25. Heimildir**

Ingi Hans Jónsson, „Frá örbirgð til bjargálna, upphaf vélbátaútgerðar í Eyrarsveit,“ *Fólkið, fjöllin, fjörðurinn. Safn til sögu Eyrarsveitar* 3 (2002), bls. 89.

Jónas Jóhannsson, „Rögvaldur Lárusson.“ *Breiðfirðingur* 16 (1957), bls. 35-36.

Kirkjugarðar Reykjavíkurprófastsdæmis, [https://www.gardur.is/leit\\_einfalt\\_c.php](https://www.gardur.is/leit_einfalt_c.php)

„Sjávarútvegssýning í Grundarfirði,“ *Morgunblaðið* 8. ágúst 2001, bls. 18.

[http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?pageId=3402199](http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageId=3402199)

Tölvupóstur. Ingi Hans Jónsson, Grundarfirði, til höfundar, 14. september 2017.

Vefur Grundarfjarðarbæjar 23. júlí 2004. <http://www.grundarfjordur.is>.

## **26. Varðveislustaða**

Friðun vegan aldurs; sýningargripur.

## **27. Almenn umsögn**

Brana hefur gildi fyrir sögu Grundarfjarðarbæjar sem einn af elstu varðveittu súðbyrtum vélbátum þar um slóðir og er jafnframt í góðu standi. Góðar heimildir eru til um sögu bátsins sem nýtur friðunar á grundvelli aldurs.

---

<sup>1</sup> Tölvupóstur. Ingi Hans Jónsson, 14. sept. 2017.



*Brana úppgerð á sýningu í Grundarfirði 2001. Ljósmynd. Sögumiðstöðin Grundarfirði.*



*Snorri Elísson við Brönu í vörinni á Vatnabúðum 16. júní 1964. Eigandi myndar Ingi Hans Jónsson.*



*Brana á Vatnabúðum 1975. Ljós. Þjóðminjasafn Íslands. ÞM 6801-A.*